

REGLUR

um röraverkpalla.

1. gr.

Skilgreining.

- 1.1. Röraverkpallur er verkpallur úr rörum sem sett eru saman með sérstökum tengjum eða eftir sérstöku samsetningarkerfi. Verkpallurinn er notaður af einum eða fleiri starfsmönnum til að vinna á og fyrir efni og verkfæri sem tilheyra vinnunni.

2. gr.

Viðurkenning.

- 2.1. Einungis má flytja inn, selja, afhenda eða nota þau samsetningarkerfi eða gerðir röraverkpalla sem Vinnueftirlit ríkisins hefur viðurkennt.

3. gr.

Leiðbeiningar.

- 3.1. Framleiðandi, söluaðili eða leigusali skal láta fylgja með, þegar verkpallur er afhentur, nauðsynlegar leiðbeiningar á íslensku um samsetningu, notkun, viðhald og annað sem máli kann að skipta varðandi rétta uppsetningu og notkun.
- 3.2. Atvinnurekandi skal sjá til þess að þeir sem nota verkpallinn fái nauðsynlegar leiðbeiningar um notkun hans.

4. gr.

Notkun.

- 4.1. Farið skal nákvæmlega eftir fyrirmælum framleiðanda um notkun röraverkpalls. Verkpallinn skal ekki taka í notkun fyrr en frá honum hefur verið gengið á fullnægjandi hátt.
- 4.2. Eftir óveður, eða þegar verkpallur hefur staðið án notkunar um nokkurn tíma og við aðrar aðstæður þegar ætla má að styrkur hans hafi minnkað, skal hann skoðaður og lagfærður ef nauðsyn krefur áður en vinna hefst á honum að nýju.

5. gr.

Hönnun.

- 5.1. Verkpallur og hver hluti hans skal vera hannaður á fullnægjandi hátt hvað varðar styrk, stöðugleika og mesta álag sem honum er ætlað að bera.
- 5.2. Hlutar verkpallsins skulu vera þannig að auðvelt og hættulaust sé að setja pallinn saman, taka hann niður og flytja í geymslu. Enginn hluti í verkpalli má geta losnað við notkun hans.
- 5.3. Röraverkpallar skulu hannaðir samkvæmt viðurkenndum stöðlum, t.d. British Standard B.S., 1139, EN 39 og EN 74.

6. gr.

Efni.

- 6.1. Allt efni sem notað er í verkpalla skal vera samkvæmt viðurkenndum stöðlum sbr. 5. gr. Pípurnar skulu vera beinar og ekki skemmdar af ryði eða annars konar tæringu. Pípur sem eru bognar, rifnar eða laskaðar á annan hátt má ekki nota. Festingar og tilheyrandi boltar skulu vera án skemmda af ryði eða öðrum ástæðum.
- 6.2. Borð, plötur og plankar, sem notuð eru í verkpallsgólf, skulu vera óskemmd og ekki með kvistum sem rýra styrkleikann. Ekki má mála þetta efni eða húða á annan hátt, þannig að gallar geti leynst.

7. gr.

Frágangur gólfa.

- 7.1. Gólf verkpalla skulu vera slétt, en þó ekki með hálu yfirborði. Þau skulu vera svo þétt að efni og verkfæri geti ekki fallið niður um verkpallsgólfið.
- 7.2. Þar sem gengið er eða ekið, t.d. hjólbörum inn á verkpall, skal ganga frá traustri tengibrú.
- 7.3. Þar sem borðendur koma saman skulu þeir ávallt ganga að minnsta kosti 250 mm á misvíxl. Slík samskeyti skulu ávallt vera yfir burðarbita. Við efri borðendann skal setja fleygmyndað stykki til þess að auðvelda umferð yfir samskeyti.
- 7.4. Ganga skal þannig frá verkpallsgólfi að ekki sé hætt á að einstök borð eða gólfhlutar sporðreisist.

8. gr.

Aðgangssleiðir og athafnarými.

- 8.1. Öruggar og hentugar aðgangssleiðir skulu vera á milli hæða í verkpalli.
- 8.2. Einungis er heimilt að aðgangur milli hæða sé í gegnum lúgu á gólfi verkpallsins, en ekki utan á honum.
- 8.3. Stigar sem notaðir eru sem aðgönguleið milli hæða skulu vera tryggilega festir. Öruggt skal vera að ferðast um þá á milli hæða.
- 8.4. Fjarlægð milli þrepa í stigum skal vera á bilinu 230 mm - 300 mm.
- 8.5. Fjarlægð milli palla í aðgangssleið má mest vera 3,5 m nema gerðar séu sérstakar ráðstafanir til að fyrirbyggja fall (t.d. með bakvörn). Þessi hæð má þó ekki vera yfir 6 m án hvíldarpalls.
- 8.6. Þvermál á stigaprepum úr rörum má ekki fara yfir 50 mm.
- 8.7. Vinnupallurinn skal vera uppsettur á þann hátt að hlutar hans standi ekki niður eða inn á athafnarýmið eða aðgönguleiðir þannig að hætta stafi af.
- 8.8. Stærð verkpalls skal vera nægjanlegt til þess að starfsmenn geti athafnað sig með þau verkfæri og efni sem þarf að nota við þau störf sem framkvæma á.

9. gr.

Handrið.

- 9.1. Á verkpöllum skal vera handrið á þeirri hlið sem frá byggingunni snýr og á hinni hliðinni gegnt opum eða innskotum sem kunna að vera á veggjunum.
- 9.2. Fjarlægð milli veggjar eða hliðstæðra byggingarhluta og innri brúnar verkpalls skal vera eins lítil og mögulegt er. Ef þessi fjarlægð er meiri en 300 mm skal setja upp handrið að innanverðu.
- 9.3. Handrið skulu vera við öll op sem nauðsynlegt er að hafa á pallinum, t.d. vegna aðgangs eða lyftibúnaðar.
- 9.4. Handrið skulu hafa handlista, hnélista og fótlista. Ef engin hætta getur stafað af fallandi hlutum er þó ekki krafist fótlista. Handlisti skal vera a.m.k. 1 m á hæð frá gólfi. Fótlisti skal vera minnst 150 mm hár og liggja við gólf. Hnélisti skal staðsettur mitt á milli handlista og fótlista. Ef fótlisti er ekki nægjanlegur til að koma í veg fyrir að hlutir eða efni geti fallið niður og slasað fólk skal annar búnaður settur upp, t.d. net.
- 9.5. Þar sem aðstæður krefjast þess með tilliti til öryggis skal gera ráð fyrir herra handriði og skal þá koma fyrir fleiri hnélistum.

10. gr.

Undirstöður.

- 10.1. Pípur verkpalls skulu standa á fótplötum með stýringu. Sé undirstaða ekki nægjanlega traust skal dreifa þunganum, t.d. með plönkum sem fyrirbyggja of mikið álag á gljúpan jarðveg.

11. gr.

Afstífing og festibúnaður.

- 11.1. Vinnupallur sem ekki er byggður til að standa án stuðnings skal festur á fullnægjandi hátt í vegg eða stagaður niður þannig að ekki sé hætt á að hann velti eða hreyfist þannig að hættu stafi af.
- 11.2. Veggfestingar skulu vera í stoðir eins nálægt hnútpunkti (þar sem stoð, langband og þverband mætast) og mögulegt er. Meginregla skal vera sú að ein röð festinga skal vera í sömu hæð og efsta langband.
- 11.3. Veggfestingarnar skulu vera þannig gerðar að þær þoli bæði tog og þrýsting sem þær verða fyrir. Þar sem festibúnaður er ekki gerður sérstaklega fyrir verkpallinn skal einungis nota bolta og skrúfur. Boltar og skrúfur, sem eru heitgalvaníseruð, skulu einungis notast með verkpöllum úr sama efni.

12. gr.

Viðhald.

- 12.1. Öllum hlutum röraverkpalls skal halda við með fullnægjandi hætti. Fyrir hverja notkun skulu helstu hlutar hans yfirfarnir og endurnýjaðir ef þörf er á.

13. gr.

Röraverkpallur á hjólum (hjólapallur).

- 13.1. Hjólapallur skal þannig byggður að hann sé stöðugur við uppsetningu, flutning og notkun.
- 13.2. Hann skal einungis nota á traustri, jafnri og láréttri undirstöðu, þannig að stöðugleiki við flutning og notkun sé tryggður.
- 13.3. Sé pallur á loftfylltum gúmmihjólum skal hann þannig gerður að ekki sé hætt á að hann hallist eða velti þótt loft leki úr hjóli.
- 13.4. Mesta hæð á óstuddum hjólapalli sem notaður er innanhúss skal vera fjórum sinnum minnsta breidd milli hjóla eða stuðnings stoða. Utanhúss skal mesta hæð hans vera þrisvar sinnum minnsta breidd milli hjóla eða stuðningsstaða. Heimilt er að nota hærri hjólapall ef hann er tryggilega festur.
- 13.5. Hjólapallur skal hafa búnað sem hindrar að hann geti hreyfst úr stað við notkun. Hvíli pallurinn á hjólunum skulu þau öll hvíla á undirlaginu.
- 13.6. Hjólapallur skal fluttur til á tryggilegan hátt. Óheimilt er að flytja hann til á meðan menn eru á honum. Áður en hjólapallurinn er fluttur til skulu allir hlutir sem á honum eru fjarlægðir eða skorðaðir þannig að þeir geti ekki fallið niður.
- 13.7. Aðgangur milli hæða á hjólapalli skal vera um lúgu á gólfi, en ekki utan á honum, ef hæð pallsins er yfir 2 m.
- 13.8. Að öðru leyti gilda sömu reglur um hjólapalla og röraverkpalla eftir því sem við á.

14. gr.

Gildistaka.

- 14.1. Reglur þessar, sem settar eru af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 34., 38. og 47. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, staðfestast hér með til að öðlast gildi þann 1. janúar 1990. Frá sama tíma fellur úr gildi IV. kafli um verkpalla byggða úr stálpípum í reglugerð nr. 204/1972 um öryggisráðstafanir við byggingavinnu.

Félagsmálaráðuneytið, 19. júní 1989.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Óskar Hallgrímsson.